

L Ö G

99

12. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1946 með viðauka.**FORSETI ÍSLANDS***gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1946 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem talðar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfastgjöld og lestagjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka gjöld samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, 2. gr., um gjald af innlendum tollvörutegundum, og eignarskatt samkvæmt 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1946.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1946.

Gjört í Reykjavík, 12. desember 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

FORSETABRÉF

100

20. des.

um frestun á fundum Alþingis.**FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 64. löggjafarþings, frá 21. desember 1945, enda verði þingið kvatt til framhaldsfunda eigi síðar en 1. febrúar 1946.

Ritað í Reykjavík, 20. dag desembermánaðar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

23